

35
14. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. 5. málsg. 1. gr. laganna skal orða svo:

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram fyrir hálf t eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráðinu er og rétt að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

2. Á eftir 5. málsgrein sömu greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi. Yfirlæknir ákveður borgun fyrir slík störf, með hliðsjón af kaupgjaldi í því héraði, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalarkostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.

3. 6. málsgrein sömu greinar skal orða svo:

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal héraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sé styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opinberu fé greiða herra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúklingum en eftir gjaldskrá héraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hér á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út

af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi. 35
14. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 42, 31. maí 1927, 1.—2. gr., inn í meginmál laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

viðauka um lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Læknar í Reykjavík skulu jafnan skila vikuskýrslum, sem af þeim eru heimtaðar, á pósthúsið eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Mánaðarskýrslum skulu læknar utan Reykjavíkur skila á næstu póststöð eigi síðar en sjö nóttum eftir mánaðarmót.

Ársskýrslum skal skila eigi síðar en í febrúarlök næsta ár.